

Velferðarnefnd Alþingis
B.t. Helgu Völu Helgadóttur, formanns
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. nóvember 2020

Ósk um að Alþingi láti gera óháða rannsókn

Landssamtökin Þroskahjálp og Geðhjálp óska eftir því við velferðarnefnd Alþingis að nefndin hlutist til um að gerð verði óháð rannsókn á aðbúnaði og meðferð fullorðins fatlaðs fólks með þroskahömlun annars vegar og fullorðinna með geðrænan vanda hins vegar sl. 80 ár á Íslandi. Skoðaðar verði allar þær stofnanir og úrræði sem ríki, sveitarfélög, frjáls félagasamtök, líknarfélög og aðrir aðilar ráku fyrir þessa hópa. Jafnframt verði gerð úttekt á þeim geðdeildum og úrræðum sem Landspítalinn og önnur sjúkrahús ráku á þessum tíma. Einnig óska samtökin þess að ráðist verði í nauðsynlegar lagabreytingar svo aflétta megi leynd af þeim gögnum sem nauðsynlegt er að skoða í tengslum við þessa rannsókn.

Forsvarsmenn beggja samtaka hafa í tengslum við fréttáflutning af málefnum vistheimilisins Arnarholts fengið sögur af öðrum úrræðum sem gefa tilefni til að málin verði könnuð ítarlega. Einnig þarf að huga að nútímanum því ábendingar hafa einnig borist forsvarsmönnum samtakanna af nýlegum málum sem vert er að skoða líka

Fyrir hönd stjórna Landssamtakanna Þroskahjálpar og Geðhjálpar,

Héðinn Unnsteinsson,
formaður Landssamtakanna Geðhjálpar

Bryndís Snæbjörnsdóttir,
formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar